



# Stoðþjónusta grunnskólanna á Akureyri

## Innan skóla

### Heilsugæsla:

Markmiðið með heilsugæslu í skólum er að stuðla að því að börn fái að þroskast við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á.

Hjúkrunarfræðingur veitir fyrstu hjálp þegar alvarlegri slys verða í skólanum. Hann er starfsfólk skólans til stuðnings og ráðgjafar þegar upp koma veikindi og slys hjá nemendum, á þeim tíma sem hjúkrunarfræðingur er við störf. Hjúkrunarfræðingar eru í hlutastarfi í skólanum og eru þess vegna ekki alltaf til staðar. Ef smáslys eða óhapp verður á skólatíma annast starfsfólk skólans fyrstu hjálp.

**Líkamlegar skoðanir skv. tilmælum landlæknis sem hjúkrunarfræðingur sér um:**

*Nemendur 1. bekkjar:* Mæling á hæð, þyngd og sjón. Lífsstílsmat.

Hafi börnin ekki farið í fjögurra ára skoðun eru börnin bólusett við stífkampa, barnaveiki og kíghósta í samráði við foreldra, hafi þau ekki fengið þessar bólusetningar.

*Nemendur 2. bekkjar:* Mæling á hæð, þyngd og sjón. Lífsstílsmat.

*Nemendur 3. bekkjar:* Mæling á hæð, þyngd og sjón. Lífsstílsmat. Bólusetning gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt. Stúlkur eingöngu fá Cervarix ( HPV-bólusetning til varnar leghálskrabbameini) tvísvar sinnum um veturinn.

*Nemendur 4. bekkjar:* Mæling á hæð, þyngd og sjón. Lífsstílsmat. Bólusett gegn barnaveiki, stífkampa, kíghósta og mænusótt.

Börn í öllum bekkjum eru mæld og skoðuð eftir þörfum.

Foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á líðan og heilbrigði barna sinna. Góð samvinna og gott upplýsingaflæði er mikilvægt til að starfsfólk heilsugæslu geti sinnt starfi sínu sem best. Því eru foreldrar hvattir til að hafa samband við hjúkrunarfræðing skólans ef breytingar verða hjá barninu sem gætu haft áhrif á andlegt, líkamlegt eða félagslegt heilbrigði þess. Fyllsta trúnaðar er ávallt gætt um mál einstakra nemenda/fjölskyldna.

### Lyfjagjafir í skólum

Í tilmælum frá landlæknii um lyfjagjafir í grunnskólum kemur meðal annars fram að foreldrum/forráðamönnum beri að afhenda hjúkrunarfræðingum þau lyf sem börn/unglingar eiga að fá í skólanum og að börn/unglingar skuli aldrei vera sendiboðar með lyf.

## Lús

Við viljum minna foreldra á að skoða reglulega hár barna sinna og láta hjúkrunarfræðing vita ef lús finnst. Þegar lús kemur upp í bekk sendir hjúkrunarfræðingur eða starfsmaður skólans bréf heim (rafrænt) til nemenda viðkomandi árgangs þar sem tilkynnt er um að lús hafi komið upp í árganginum og foreldrar beðnir um að skoða og kemba hár barna sinna.

[http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tbid-3901/6590\\_read-3405/6353\\_view-2305/](http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tbid-3901/6590_read-3405/6353_view-2305/)

## Námsráðgjafi

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að standa vörð um velferð allra nemenda. Hann er trúnaðarmaður og talsmaður nemenda.

Námsráðgjöf er ætlað að vera fyrirbyggjandi þjónusta við alla nemendur skólans og stuðla að því að nemendur geti skapað sér viðunandi vinnuskilyrði í skóla og heima og markað sér braut til framtíðar. Náms- og starfsráðgjafi þarf því að hafa frumkvæði að því að nálgast nemendur sem eru í þörf fyrir aðstoð en bera sig ekki eftir henni.

Verkefni náms- og starfsráðgjafa eru m.a.

- Ráðgjöf um náms- og starfsval nemenda
- Starfsfræðsla og námstækni
- Vinna gegn brotthvarfi úr grunn- og framhaldsskóla
- Persónulegur og félagslegur stuðningur við nemendur
- Námskeið: Sjálfsefling, félagsfærni og tilfinningastjórnun, ADHD, lesblinda og námskeið um samskipti stúlkna og drengja
- Viðtöl við nýja nemendur
- Leggur fyrir áhugasviðkannarnir og ræðir við nemendur um niðurstöður þeirra.

Lögð er áhersla á að ráðgjöfin standi öllum nemendum til boða og að ekki þurfi að vera fyrir hendi vandamál eða vanlíðan hjá nemendum til að þeir geti komið í viðtal. Nemendur geta sjálfir óskað eftir tíma hjá náms- og starfsráðgjafa ef þá langar til að ræða við einhvern um daginn og veginn eða vonir sínar og væntingar í lífinu.

Náms- og starfsráðgjafi er bundinn þagnarskyldu um einkamál nemenda, að undanskyldum ákvæðum í lögum um barnavernd nr. 80/2002.



## Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar við alla grunnskóla bæjarins.

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðipjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Þurfi nemandi á sérstakri aðstoð að halda vegna fötlunar, sjúkdóms, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, geta starfsmenn skólans eða foreldrar óskað eftir umfjöllun nemendaverndarráðs. Í ráðinu sitja skólastjóri, deildarstjórar, námsráðgjafi og skólahjúkrunarfræðingur. Auk þess funda reglulega með ráðinu félagsráðgjafi (fulltrúi

barnaverndar), sálfræðingur og sérkennsluráðgjafi frá skólaþjónustu fræðslusviðs Akureyrarbæjar.

## Áfallateymi – eineltisteymi

Í öllum grunnskólum starfa áfallateymi sem hafa það hlutverk að bregðast við og veita stuðning þegar alvarlegar aðstæður skapast í lífi nemenda, t.d. ef áföll verða í fjölskyldu eða ef hann verður fyrir einelti.

Í öllum skólum er skimað fyrir einelti/samskiptavanda og vinna kennrar eftir fyrirbyggjandi leiðum til að reyna að koma í veg fyrir slíkt. Ef vísbending er um einelti gagnvart nemanda er brugðist við með kerfisbundnum hætti. Þá er unnið með bekkinn sem heild, auk vinnu með þolanda, geranda/gerendum og foreldrum.

Mikilvægt er að foreldrar styðji við vinnu kennara og ræði við börn sín um að einelti er aldrei liðið í skólastarfi. Einnig er mikilvægt að foreldrar láti kennara barna sinna vita strax ef barninu líður ekki vel eða ef þeir hafa grun um að einelti eigi sér stað í skólanum.

## Stoðþjónusta utan skóla

Allir grunnskólar geta sótt sérfræðiþjónustu sem veitt er einstökum nemendum, frá fræðslusviði Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26. Skólarnir vísa málum nemenda til fræðslusviðs, með samþykki foreldra á sérstökum tilvísunarblöðum. Einnig geta foreldrar leitað beint eftir aðstoð vegna barna sinna. Tilvísunareyðublöð má nálgast í skólunum eða hjá fræðslusviði.

## Skólaþjónusta fræðslusviðs

Sérfræðingar skólaþjónustunnar eru ýmist sálfræðingar eða sérkennrar. Þeir veita ráðgjöf vegna fjölþætts vanda nemenda, s.s. námserfiðleika, þroskafrávika, hegðunarvanda, eineltis og tilfinningalegra erfiðleika. Starfsmenn meta vanda barns með prófunum, viðtölum og skoðun á stöðu barnsins. Síðan eru gerðar tillögur um úrbætur í samvinnu við fjölskyldu og skóla. Samvinna er við aðra sem bjóða ýmis sérúrræði, svo sem sérdeildirnar í Giljaskóla og Síðuskóla, Hlíðarskóla og Skólasmiðju. Þegar þörf krefur er leitað eftir þjónustu og samvinnu við aðra aðila t.d. við BUG teymi SAk, HSN, Barna- og ungingageðdeild Landspítalans og Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. Þá vísa starfsmenn skólaþjónustu málefnum barnsins til viðeigandi stofnunar, í samvinnu við foreldra.

Helga Vilhjálmsdóttir sálfræðingur er forstöðumaður skólaþjónustunnar.

Netfang: [helgav@akureyri.is](mailto:helgav@akureyri.is)

## Talmeinafræðingar

Ef börn þurfa aðstoð talmeinafræðings, t.d. vegna framburðar einstakra málhljóða eða málþroska senda kennrar skóla tilvísunareyðublað til skólaþjónustu fræðslusviðs, með undirskrift og samþykki foreldra. Þaðan er tilvísun komið til talmeinafræðings. Tímar hjá talmeinafræðingi eru oftast á meðferðarstofum þeirra og börn fara þangað með foreldrum sínum eftir skólatíma. Ef aðstæður leyfa í skólamálför fylgd til talmeinafræðings úr skóla eða talmeinafræðingur heimsækir skólann.

## Kennsluráðgjafi vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál

Nemendur sem ekki hafa íslensku sem móðurmál eiga rétt á aðstoð í íslensku sem öðru tungumáli í skólanum. Aðstoðin fer ýmist fram inni í bekk eða í litlum hópi utan bekkjar. Kennsluráðgjafi fræðslusviðs er kennurum, nemendum og foreldrum til aðstoðar, sérstaklega við fyrstu komu í skólann og fyrstu vikurnar í nýjum aðstæðum. Kennsluráðgjafi er með í foreldraviðtolum eftir þörfum, óskum og aðstæðum og er kennurum, nemendum og foreldrum til ráðgjafar. Kennsluráðgjafi sér um fræðslu- og upplýsingavef fyrir kennara og foreldrar geta einnig nýtt sér þann vef: <http://erlendir.akmennt.is>

Helga Hauksdóttir er kennsluráðgjafi. Netfang: [helgah@akureyri.is](mailto:helgah@akureyri.is)


## PMTO foreldrafærni

PMTO er gagnreyst meðferðarúrræði sem dregur úr hegðunarerfiðleikum barna og unglings, skv. viðtækum rannsóknum. Úrræðið er þroað hjá rannsóknarstofnuninni Oregon Social Learning Center (OSLC) í USA og aðлагаð íslenskum aðstæðum í meðferðar- og forvarnaskyni.

Þar sem foreldrar eru mikilvægustu kennarar barna sinna er áhersla lögð á ítarlega vinnu með þeim, þar sem þeir fá aðstoð við að tileinka sér nýjar leiðir í uppeldi. Unnið er með ákveðna grunnþætti til að stuðla að jákvæðri hegðun barnsins og draga úr vanlíðan og hegðunarvanda. Lögð er áhersla á skýr fyrirmæli, tilfinningastjórnun, samskiptatækni og tengsl heimila og skóla. Foreldrum er m.a. kennt að nota kerfisbundna hvatningu, að setja mörk, að nýta markvisst eftirlit, að leysa ágreining og að eiga jákvæða samveru með börnum sínum.

Hægt er að sækja um **PMTO foreldranámskeið, 8 skipti, 2 ½ tíma í senn.** Það hentar foreldrum yngri barna sem eru í tiltölulega litlum vanda. Ef hegðunarerfiðleikar barnsins eru miklir er hægt að sækja um **PMTO einstaklingsmeðferð**, sem unnin er í formi viðtala á fræðslusviði í allt að 20 vikur. Annar möguleiki er **PMTO –PTC hópméðferð** þar sem hópurinn hittist vikulega, unnin eru heimaverkefni og stuðningur veittur símleiðis milli funda. Sérstaklega þjálfaðir meðferðaraðilar, sálfræðingar eða félagsráðgjafar, sinna meðferðinni og námskeiðunum. Foreldrar geta sótt um PMTO þjónustu á sérstökum eyðublöðum: *Tilvísun til sérfræðipjónustu leik – og grunnskóla* og er umsóknum skilað á Fræðslusvið Akureyrarbæjar, til umsjónarkennara barnsins eða skólastjórnenda.

Guðbjörg Ingimundardóttir er verkefnastjóri PMTO. Netfang: [gudbjorging@akureyri.is](mailto:gudbjorging@akureyri.is)



## Sérdeildir grunnskólanna

### Sérdeild Síðuskóla fyrir einhverfa nemendur

Í Síðuskóla er sérdeild fyrir einhverfa nemendur. Þeir nemendur sem búsettir eru á Akureyri og hafa fengið einhverfugreiningu hjá viðurkenndum greiningaraðilum eiga rétt á að stunda nám í sérdeild. Þar að auki þurfa nemendur að hafa önnur frávik, s.s. þroskaskerðingu og/eða skilgreinda hegðunarerfiðleika.

Í sérdeildinni er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám sem tekur mið af þörfum nemandans og stöðu, óskum foreldra og skólanámskrá. Einnig er lögð áhersla á samskipan fatlaðra og ófatlaðra og gott og markvisst foreldrasamstarf.

Starfsfók deildarinnar hefur ráðgefandi hlutverk vegna einhverfra barna í öðrum grunnskólum á Akureyri.

### Sérdeild Giljaskóla fyrir fjölfötluð börn

Í Giljaskóla er sérdeild fyrir mikið fötluð börn. Nemendur þurfa sérhæfða einstaklingsmiðaða kennslu og þjálfun. Þeirra fötlunum fylgja oft erfiðleikar við skynjun, rökhugsun, boðskipti, líkamsbeitingu, sjálfshjálp, félagsleg samskipti og athafnir daglegs lífs. Nemendurnir þurfa aðstoð við allar athafnir daglegs lífs, umönnun og eftirlit öllum stundum. Námstilboð, kennslugögn og kennslubúnaður miðast við þarfir hvers og eins.

**Þroskamiðað nám:** Áhersla er lögð á að efla þroska á sviði skynjunar, hreyfingar, boðskipta, hugsunar, félags- og tilfinningalegs þroska.

**Færnimiðað nám:** Áhersla er lögð á að auka færni nemenda í að takast á við daglegt líf, s.s. sjálfshjálp, einföld störf og tómstundir.

**Reynslumiðað nám:** Áhersla lögð á að byggja upp reynsluheim nemenda þannig að þeir geti gert sér skýrari mynd af umhverfinu sem þeir lifa í og upplifi það á innihaldsríkan hátt.

Sérdeildin hefur ráðgefandi hlutverki að gegna til kennara, foreldra og annarra sem tengjast þessum hópi nemenda.

### Hlíðarskóli

Hlíðarskóli er sérúrræði innan grunnskólakerfis Akureyrarbæjar fyrir nemendur sem eiga við vanda að stríða sem gerir þeim erfitt að þrífast, líða vel og stunda árangursríkt nám í almennum grunnskóla. Má þar t.d. nefna félags- og tilfinningaleg vandamál, verulegan hegðunar- og aðlögunarvanda, samskiptaraskanir, ýmis vandamál á einhverfurófinu, sértæka námserfiðleika og fatlanir af ýmsum toga.

Almennt er miðað við að skólavist sé tímabundið úrræði sem tekur við þegar reynt hefur verið til þrautar að mæta þörfum nemandans í heimaskóla hans og með úrræðum

sérfræðiþjónustu skóla og PMTO ráðgjafa. Mjög algengt er að nemendur séu í 1-3 ár í Hlíðarskóla en í sumum tilvikum getur verið þörf á lengri skólagöngu þar.

Nemendur fá tækifæri til þess að nema og læra á sem fjölbreyttastan hátt til þess að hinir ýmsu greindarþættir þeirra og sterkar hliðar fái notið sín. Kennslan byggir þess vegna á fjölbreytni og tekur tillit til mismunandi þarfa, getu og áhugasviðs hvers einstaklings.

Þátttaka foreldra er mjög mikilvægur þáttur í skólastarfinu og er mikil áhersla lögð á að styðja og styrkja foreldra í uppeldishlutverki þeirra.

